

Fundargerð 47. fundar

Ungmennaráð 16. mars

Föstudaginn 16. mars 2018 kl. 18.00 kom ungmennaráð til fundar í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Fundinn sátu: Jakob Unnar Sigurðsson, Oskar Rybinski, Katla Ýr Gautadóttir, Sandra Dís Jóhannesdóttir og Solveig Þóra Þorsteinsdóttir.

Ragnar Óskarsson var fjarverandi

Einnig sat fundinn Ingvar Jónsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Sandra Dís Jóhannesdóttir

1. Tarzanleikur um páskana
 - 7. bekkur og uppúr
 - 28. mars klukkan 13:00
 - 4 leikir- Í verðlaun er páskaegg á mann fyrir það lið sem vinnur (2 egg) ásamt einu páskaeggi á hvern þann sem er síðastu að vera klukkaður í hverjum leik (4 egg).
2. Ungmennaráðsþing og sveitastjórnarkosningar
 - Halda þing og fá fólk úr flokkunum til þess að halda ræðu til þess að vekja áhuga ungs fólks á því að kjósa
 - Í byrjun maí (hugmynd 5. maí)
 - Funda með nýrri bæjarstjórn í byrjun júní.
 - Nota auglýsingar til þess að láta fólk koma og hvetja það til þess að kjósa
 - Pallborðs umræður
 - Búa til spurningar á þinginu, byrja á umræðu unga fólksins til þess að fá hugmyndir fyrir frambjóðendur og þær settar í kassa og á pallborðsumræðunum hvetja fólk til þess að spurja. Ef það fer hægt af stað er hægt að nota spurningarnar sem komnar eru. Í þessum umræðum myndu hóparnir einnig ræða almennt um málefni ungs fólks í sveitafélaginu og skrifa punkta fyrir ungmennaráðið.
 - Leyfa þátttakendum að hafa miða til þess að hafa spurnigar á meðan þinginu stendur
 - Eftir þingið tekur ungmennaráðið saman helstu hugmyndir sem fram koma og kynna fyrir nýrri bæjarstjórn.

Næsti fundur: Föstudaginn 20. apríl

Fundi slitið klukkan 18:48